

Mótl : 3/2 65

Vesturlandsumdæmi.

S T A R F S S K Ý R S L A

1 9 6 4

Daniel Kristjánsson,
skógarvörður.

S T A R F S S K Ý R S L A

Skógarvarðarins á Vesturlandi, 1964.

Veðrátta: Árið hófst með góðviðri og hélzt svo allan veturnann, og voráði mjög snemma. Lerki fór að springa út síðustu daga marz mán. En í kuldakastinu sem gerði í apríl fölnaði það aftur og leit yfirleitt illa út í sumar, var fölt og óx ekki, en um dauða er ekki að ræða og virtist það ná sér seinni hluta sumars.

Vorið var áfallalaust og greri snemma. Birki grænkaði snemma í maí, en eftir það komu ekki vorfrost. Sumarið var frekar kalt, og fraus í ágúst og einnig í september, féll kartöflugras víðast seinni hluta ágúst og varð af mikiljó tjón. Haustið var frekar umhleypingasamt, og í nóvember gerði snjóá og mikil frost og hélzt það veðurfar að litlu breytt til áramóta.

Vöxtur rauðgrenis, furu og sitkagrenis var með eðlilegum hætti, engir kvillar ásóttu plönturnar, og virðist "furulúsin" frekar réna en aukast. Telja verður vöxt trjáplantna í tæpu meðallagi. Tölувert bar á skógararmaðki á birki. Lauffall var ~~þá~~ 15. september.

Starfsfólk: Alls störfuðu 23 við skógræktina, lengri eða skemmtíma, en störf hófust í maí en lauk um 20. sept., eftir það vann ég einn að ýmsu er lagfæra þurfti o.fl.

Greitt var í vinnulaun ca. 210 þúsund, auk flutningskostnaðar o.fl. Nálega allt veru þetta unglingsstúlkur á aldrinum 15 - 18 ára aðeins 3 piltar, þó ekki allt sumarið nema einn. Vinnuvikur 102 á skýrslum. Helstu verk sem unnnin veru: Við græðireitinn, gróðursetningu á Ytrafell og Hvammi í Norðurárdal og grisjun í sömu girðingum. Auk þess var grisjað í Jafnaskarðsgirðingu.

Girðingar: Engar nýjar girðingaframkvæmdir hjá Skógrækt ríkisins hér á Vesturlandi að þessu sinni. Aðeins gert við eldri girðingar.

Gróðrarstöð: Dreifsettar veru 106 þúsund plöntur.

Rauðgreni	3/0	Otterþy	16.000	plöntur
do	2/0	Rissa	38.000	-
Sitkagreni	3/0	Homer	52.000	-

Endurbætt var vatnsleiðsla og vatnsdæla gerð upp. Upp veru tekmar 16.500 plöntur, þar af 15.500 sitkagræni og 1000 fjallaböll. Verðmæti þessara plantna samkv. verðskrá um 49.500.00 kr.

Rekstrarkostnaður stöðvarinnar kr. 96.149.35. Plöntur til nota næsta ver 4 þús. sitkagreni og 4 þúv. ýmsar plöntur.

Gróðursetning var sem hér greinir:

Hvammur í Norðurárdal:

Sitkagreni	2/3 Homer	4.000
Blágreni	2/3 Sapinero	3.500
Hvítgreni	2/3 Summ. Lake	1.550
Rauðgreni	2/3 N-Tróndel.	<u>8.000</u>
Samtals		17.050 plöntur.

Ytrafell:

Rauðgreni	2/3 N-Tróndel.	5.000
Sitkagreni	2/3 Homer	<u>15.000</u>
Samtals		20.000 plöntur.

Alls hafa verið gróðursettar 37.050 plöntur.

Jafnhliða gróðursetningu var grisjað á þessum stöðum og Jafnaskarösgirðingu, en þar var höggvið frá gömlu gróðursetningunni eftir því sem hægt var. Mjög mikil grisjun var í Hvammsgirðingu, en í Ytrafellsgirðingu byrfti að grisja miklu meira, og raumar þarf að grisja í öllum girðingum frá eldri gróðursetningum. Áburðargjöf var ekki teljandi að þessu sinni, nema umhverfis græðireitinn í Norðtunguskógi, þar var framkvæmd áburðargjöf en grasvöxtur reynist ískyggilega mikill þar sem áburðargjöf er framkvæmd, enda þótt um mismunandi áburðartíma sé að ræða.

Um gróðursetningu og grisjun fyrir Skógræktarfélag Borgarfjarðar vísast til skýrslu, er þegar hefir verið send um það til Skógræktarfél. Íslands, en bæði grisjun og gróðursetning hjá Skógræktarfél. Borgarfj. var allmikil að þessu sinni.

Vegagerð: Borið var ofaní götutroðning heim að græðireitnum, en vegagerð vantar víða, einkum í Jafnaskarösskógi, en þar byrfti nýjan veg í gegnum girðinguna sem yrði þó ódýrt miðað við vegalengd og notagildi.

Byggingar: Húsið í Norðtunguskógi var málað og endurbætt í summar áður en Norðmennir komu, en þeir dvöldu í húsinu nær hálfan mánuð. Var slík viðgerð ekki umflúin undir þeim kringumstæðum. Þá var einnig settur stálvaskur ásamt vatnsleiðslu í skúr á bak við húsið, og þar sköpuð aðstaða til að þvo sér áður en inn í húsið var komið. Þá var skolpleiðsla frá húsinu endurbætt. Engar nýjar vélar hafa verið keyptar - til einn tætari og vélsög. Keypt var kveikja í tætarann. Bæði þessi tæki

gerast nú öldruð og þurfa viðhald. Einnig er nauðsynlegt að endurnýja vatnsdælumótorinn, sem er í senn gamall og slitinn og auk þess of veigalítill.

Störfin (eftirlit - leiðbeiningr - verkstjórn):

Mitt starf er tvíbátt. Ég annast fyrst og fremst eftirlit og frankvæmdir ásamt verkstjórn fyrir Skógrækt ríkisins, en auk þess hef ég á hendi allar frankvæmdir Skógræktarfélags Borgarfjarðar - þar með tekið reikningshald, leiðbeiningastarfsemi og verkstjórn við alla vinnu fyrir það, og vil ég taka það fram hér að fyrir þau störf fæ ég að sjálfsögðu enga greiðslu, unda aldrei krafist þess og mun aldrei gera. Auk þess er að ofan greinir liðsinni ég eftir getu einstaklingum og öðrum félagsskap sem þarfnaðast hjálpar við skógrækt, og er sama um það að segja að ég tek aldrei þóknum fyrir.

Frá því í maí og fram yfir miðjan sept. er ég í Norðtunguskógi langfesta daga og stjórna þaðan störfum víðsvegar um hérað - og einnig í öðrum sýslum. Það er ekki umflúið að vinnuflokkar sem starfa um langan tíma verða að hafa samastað til að hverfa að, enda þótt unnið sé á mörgum stöðum. Miklar tilfærslur með tjöld og annan farangur til dvalar um fáa daga er kostnaðarsamur, og borgar sig oft betur ef um hagstæðan bílakost væri að ræða, að flytja fólk kvölds og morgna ef ekki er því meiri vegalengd.

Ég var fjarverandi 192 daga - flesta í Norðtunguskógi- auk þess fjölda ferðir um héraðið - Borgarnes o.fl.

Helstu ferðir eru þessar: 1. - 10. mars á Skógarvarðafundi í Hv. 31. mars vann í Skallagrímsgarði, 10. apríl vann í Skallagrímsgarði, 15. apríl á fund með kvíkmyndir og skuggamyndir að Arnarstapa á Mýrum, 18. apríl kenndi 60 börnum gróðursetningu á Varmalandi og um kvöldið flutti ég erindi og sýndi þeim myndir. 20. apríl með kvíkmynd og skuggamyndir að Brún í Bæjarsveit. 23. apr. með kvíkmyndir og skuggamyndir að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. 29.-30. apr. var ég á aðalfundi Skógræktarfélags Borgarfjarðar og í ýmsum ferðum. 13. 15. og 19. maí vann ég hjá Hermanni Jónassyni í Klett. 28. og 29. maí ferð til Reykjavíkur. 9.-10. júlí fór með vinnuflokk að Ytrafell. 19. júní fór aftur að Ytrafell og sótti fólk og flutning á mínum bíl. 21. júlí fór í Grímsstaðaskógi á Mýrum, sem verið er að endurgirða. 5. ág. til Reykjavíkur og tók á móti 10 Norðmönnum. 6. ág. eftir vinnu fór ég með Norðmenn í Varmaland o.fl. 7. ág. Norðmenn unnu að Varmal., ferðir með þá. 8. ág. Farið með Norðmenn í Reykholt. 9. ág. ferð um Snæfellsnes með Norðmenn. 10. ág. Norðmenn boðnir að Norðtungu.

11. ág. Farið með Norðmenn í Borgarnes. 12. ág. Norðmenn í Skorradal.
14. ág. Farið með Norðmenn að Hvítárbakka og Hvanneyri.
15. ág. Farið með Norðmenn að Hreðavatni og Bifröst. 16. ág. Farið með
Norðmenn í Surtshelli, að Músafell og Barnafossum. 17. ág. fóru
Norðmenn til Reykjavíkur, 19. ág. fór ég til Rvk. vegna Norðmannanna.
11-12. sept. fór á stjórnarfund Skógræktarfél. Íslands í Reykjavík.
3.-4. okt. fór að Skógum í Þorskafirði og athugaði allt viðkomandi
skógrækt þar og framtíðarhorfum. 29. okt. fór í Skilmannahrepp og
Akranes. 5. nóv. fór í Grímsstaðagirðingu. 9. nóv. fór í Dalasýslu
til uppgjörs í Búðardal. 8.-9. des. fór á stjórnarfund Skógræktarfél.
Ísl. í Reykjavík.

Águst Árnason í Hvammi fór með mér flestar ferðirnar með norska
fólkis.

Ýmislegt: Eg hef á hendi framkvæmdastörf og reikningshald Skógræktarfél.
Borgarfjarðar. Sem að líkum lætur eru þau störf tímafrek. Stjórnarfundir
eru nokkrir yfir árið, auk þess útbreiðslufundir, kvíkmyndir og skugga-
myndir, ásamt skýrslugeröum o.fl. í sambandi við slík félagsstörf.

Það gerist nú erfiðara með ári hverju að starfrækja félagsskap í
strjálbýlinu. Fólkiniu fækkar- og því meir fækkar þeim sem áhuga hafa
á skógræktarmálum - einkum er það unga fólkis sem er yfirleitt frábitið
að leggja fram krafta sína fyrir skógræktarmálin. Störfin lenda því
meir á sömu mannum.

Heimsóknir í skóglendi eru ávallt nokkrar, og að sumrum verður að
hafa vakandi auga með mörgum skógræktarlöndum í Borgarfjarðarhéði
bæði vegna þess að umgengni er oft slæm hjá fólkis sem kemur í allt öðrum
tilgangi í skóglendin en að hlúa að gróðri og kynnast skógrækt - og
einnig eru hlið skilin eftir opin og hlýzt oft af mikis tjón.

Nokkrir skógræktarmenn sýndu Skógræktarfélagi Borgarfjarðar þann
heiður að koma á aðalfund félagsins í apríl s.l., en það voru þeir
Hákon Þjórssen, skógræktarstjóri, Hákon Guðmundsson, form. Skógræktarfél.
Íslands, Snorri Sigurðsson, framkv.stj. Skógr.fél. Íslands, Einar G.E.
Sæmundsen, skógarvörður og Garðar Jónsson, skógarvörður. Auk þess kom
skógræktarstjóri oftar á þessar slóðir. Þá dvöldu 10 Norðmenn í
Norðtunguskógi í umsjá Skógræktarfélags Borgarfjarðar, og annaðist ég
um skipulagningu veru þeirra hér. Dvöl þeirra var ánægjuleg og til
mikillar uppórfunar í skógræktarmálum. Létu þeir vel yfir dvöl sinni
og hafa skrifað okkur hér þakklæti fyrir móttökurnar.

Águst Árnasyni færi ég góðar þakkir fyrir hans aðstoð við móttöku
Norðmannanna.

Hugleiðing um næsta ár:

Mörgu er ábótavant í skógræktarframkvæmdum hér, sem stafar fyrst og fremst af algjörðum fjárskorti. Nokkrar girðingar eru í vanhiröu vegna fjárskorts, og eru það Sauðhússkógargirðing sem er ónýt - og hefur verið ráðist mjög harkalega á mig persónulega fyrir sauðfénað sem þar hefur leynt fram á veturn. Mun ég ekki taka á móti slíkri meðferð oftar, en ráðstafa landinu á annan hátt ef ekki reynist unnt að fá fé til lagfæringar á girðingunni sem nú er 25 ára gömul og var upphaflega girt úr slæmu efni - auk þess hefur Gljúfurá breytt sér og skemmir girðinguna á löngu svæði. Að mínum dómi borgar sig ekki að halda í petta land.

Þá er Jörfagirðingin að verða vandræða mál. Bent er á að Skógræktin hljóti að bera ábyrgð á girðingarflækjunni, enda þótt eigandi Jörfa á þeirri tíð hafi heitið stuðningi við málið en svikið það síðar. Hreimssstaðagirðing er ónýt, og þyrfti að endurnýja hana. Petta land er þess virði að það sé friðað.

Um Skóga í Þorskafirði mætti rita langt, en aðeins petta: það þolir ekki bið að reynt sé að tryggja á einhvern hátt að Skógrækt ríkisins fái skógræktargirðinguna til fullra afnota fyrst búið er að girða.

Að endingu þakka ég skógræktarstjóra gott samstarf og góða fyrigrreiðslu á árinu sem nú er liðið.

Hreðavatni, 20. jan. 1965.

Sauði Kristjánsson